

fyrir sitt leyti finni ástæðu til að gjöra meira í málefni þessu, en afsali dómsmálastjórninni frekari afskipti af því.

1864.
28. júní.

50. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um rán útlendra fiskimanna í Vigur.

29. júní.

Með bréfi 29. janúarm. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér háæruverðugi herra, sent hingað útskrípt af rættarprófi, sem sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu hafði haldið, til að fá ýmsar skýrslur útaf kæru nokkurri frá Bjarna Sveinsyni, presti til Stafafells í Skaptafellssýslu, en kæra hans var inn færð í útskriptina, og hafði hið síðasta alpingi vísað henni til stiptsyfirvaldanna með meðmælum sínum; en kæru þessari er þannig varið, að presturinn ber fram umkvörtun yfir því, og biður um endurgjald úr almennum sjóði fyrir það, að skipshöfnin á útlandu fiskiskipi, líklega frakknesku, hafi vorið 1863 framið rán í eyinni Vigur, er liggur undir tæð prestakall; hafi skipverjar eptir því, sem skýrslur þær, sem um er rætt í bænarskránni og prófinu, sýni, farið á land í ey þessari, sem er óbyggð, og liggur nokkuð langt undan landi, tekið egg og dún úr æðarfuglahreiðrum þar í eyinni og fælt burt þaðan fuglinn, svo að arðurinn af varpinu þar hafi sumarið 1863 aðeins verið 15 pund af hreinsuðum dún, en árið á undan hafi hann verið 30 pund.

Um leið og þér hafið lagt málefni þetta undir úrskurð kirkju- og kennslustjórnarinnar, hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, getið þess, að ekki verði höfðað mál til skaðabóta útaf athæfi þessu, þaræð mönnum eigi hafi heppnast að fá neinar ítarlegri skýrslur um þá, er verkið hafi unnið, eður um nafn skipsins eður heimkynni, og að það reyndar sé mjög illa farið, að hlutaðeigandi hafi orðið fyrir tjóni því, sem hér er um rætt, en varla verði álitíð, að hann hafi neina rættarkröfu til að fá endurgjald fyrir það úr almennum sjóði; á hinn bóginn hafið þér tekið fram, að eptir atvikum, sem hér

1864.
29. júní.

eiga sér stað, og vegna þess, að beiðandinn er efnalítill og má ekki við að missa néins í af embættistekjum sínum, sem eru rýrar, þá væri það mjög æskilegt, ef honum af sérstaklegri náð yrði veitt hæfileg þokkabót fyrir skaða þann, er hann hefir beiðið.

Um þetta efni skal yður hærmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Bjarna presti Sveinssyni, að stjórnarráðið ekki sér sér fært að útvega honum neinar bætur fyrir skaða sinn, en því skal við bætt, að vegna þess að málefni þetta hefir verið sett í samband við málefnið um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland, þá hefir það verið fengið dómsmála-stjórninni til frekari meðferðar.

29. júní.

51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um guðspjónustugjörðir katólskra í Reykjavík.

Tveir katólskir klerkar, er búa í Reykjavík og haldið er að seú áhangendur trúarútbreiðslufélags katólskra á norður-löndum, höfðu haldið opinbera guðspjónustugjörð eptir katólskum síð sunnudaginn 3. dag aprílm. síðastl. í bænhúsi, er þeir hafa byggt við hliðina á íbúðarhúsi sínu, en þeirri guðspjónustugjörð hafði hlýtt mikill hluti af bæjarmönnum, og hafði þá annar af klerkum þessum flutt ræðu á íslenzka tungu, er einkum kvað hafa lotið að því, að taka fram kosti þá, er katólsk trúarbrögð ættu að hafa fram yfir önnur trúarbrögð. Fyrir þessa sök hefir bæjarfógetinn í Reykjavík í bréfi, er hingað barst með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, dags. 13. aprílm. þ. á., spurt um:

1. hvort ekki megi beina leið banna að halda slíka opinbera guðspjónustugjörð, meðan enginn rómversk-katólskur söfnuður sé til að halda hana fyrir, og
2. hvort menn, ef þessu verði neitað, eigi að láta sér nægja að hafa vakandi auga á, að hinir rómversk-katólsku klerkar